

5.

ÁRSPÍNG KAÍ

29. JANÚAR 1989

ÁRSSKÝRSLA OG REIKNINGAR



E F N I S Y F I R L I T.

	Bls.
Efnisyfirlit	2
Stjórnarannáll	3
Nokkrir atburðið og fréttir	5
- Stigatafla KAI	5
- Tækja- og útbreiðslusjóður	5
- Karatemaður ársins 1987 og 1988	5
- Verðlaunapeningur KAI.....	5
- Lottó	6
- Getraunir	6
- Fjölsport	7
- Tölvukaup KAI	7
- Fræðslu- og útgáfumál	8
- Íþróttabing íSí	8
Landsliðsannáll okt '87 - jan '89	9
Fyrirkomulag Landsliðsins 1989	10
Árangur landsliðsins frá upphafi	11
Æfingabúðir Goju-Kai í Sviss	12
Erlendir þjálfarar félaga	13
Karateiðkendur á landinu	14
Karateiðkendur í heiminum	15
Fundir formanna á Norðurlöndum	16
NM 1989 í Reykjavík - Áætlun	16

MÓTASKRÁ:

Landskeppnin 1987 í Reykjavík	18
NM 1987 í Drammen, Noregi	20
Shotokan Meistaramótíð 1987	21
Goju-Kai Meistaramótíð 1988	22
Unglingameistaramótíð 1988	23
Opna Hollenska 1988	24
EM 1988 Genova, ítalíu	24
Landskeppni við V-Pýskaland	25
Landskeppnin 1988 á N-Írlandi	26
NM 1988 í Stokkhólmi	27
Íslandsmeistaramótíð 1988	28
Shotokan meistaramótíð 1988	36
- Shotokan Meistarar frá upphafi	38

REIKNINGAR:

Tekjur 22.10. '87 - 29. 1. '89	39
Gjöld 22.10.'87 - 29. 1.'89	40
Efnahagsreikningur 25.jan 1989	42
Tækja og útbreiðslusjóður	43
Athugasemdir við reikninga	43

A R S S K Y R S L A K A R A T E S A M B A N D S
 I S L A N D S
 22. Okt 1987 - 29. Jan 1989.

A 4. Ársþingi KAI, sem haldið var 22. október 1987 voru eftirtaldir kjörnir í stjórnir og nefndir fyrir starfsárið sem fór í hönd. Nýkjörin stjórn skipti með sér störfum á sínum fyrsta stjórnarfundi.

Formaður	Karl Gauti Hjaltason	(4 tímabil)
Varaformaður	Stefán Alfreðsson	(4 tímabil)
Gjaldkeri	David Haralds	(4 tímabil)
Ritari	Reinharð Reinharðsson	(1 tímabil)
Fundarritari	Sylvíu Gústafsdóttir	(1 tímabil)
Varastjórn	Gylfi Skarphéðinsson Einar Gröndal Gísli Pálsson	
Endurskoðendur	Einar Gröndal Helgi Jóhannesson	
Karatedómstóll	Bjarni Ásgeirsson Ævar Þorsteinsson Hannes Hilmarsson	
Formaður Mótanefndar	Sylvíu Gústafsdóttir	
Formaður Fjároflunarnefndar	Einar Gröndal	

Stjórn KAI hélt á tímabilinu 76. stjórnarfund, að jafnaði á 2ja til 3ja vikna fresti eftir atvikum. Nefndir störfuðu lítið sem ekkert og lenti því allur mótaundir-búningur á stjórninni. Fljóttlega kom í ljós að tveir til þrír úr stjórninni voru það önnum kafnir í atvinnu sinni að þeir gátu lítið sinnt stjórnarstörfum í KAI. Sumir beirra mættu þó allvel á fundi. Undir lok tímabilsins voru það eingöngu formaður og ritari sem gátu sinnt KAI að einhverju marki. Þess vegna er lögð sú lagabreytingartillaga fram á þessu 5. Ársþingi KAI að fjölgað verði í stjórninni úr 5 í 7 manns.

Arið mun einkennast af því að hér í Reykjavík mun fara fram Norðurlandamót í Karate 1989. Þess vegna er þörf á að gott fólk veljist í stjórnina, fólk sem getur unnið Karate-gott íþróttinni gagn. Stefán Alfreðsson hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér í stjórn næsta tímabil. Hann hefur verið með í að efla íþróttina frá upphafi, ég þakka honum mikið og gott starf. Um leið vonast ég til þess að sá mikli fjöldi fólks, sem vann að NM 1985, sem tókst svo vel, komi nú í haust og leggi hönd á plógin. Þar fékkst dýrmæt reynsla, sem við verðum að virkja til að gera NM 1989 að glásilegasta Norðurlandamóti hingað til. Aftar í þessarri skýrslu er áætlun um tilhögun mótsins, en það fer fram 14. október.

Mæting á stjórnarfundum KAI.

	56	60	65	70	75	f.j.	%
Gauti	x x x x x o x o o o x x x x x x x x x					17	80
Stefán	o x x x x x x x x x o o o x x o o x x o o					14	70
David	o o o o x o o o o o o o o o o o x o o					2	10
Reinharð	x x x x x x x x x x x x x x x x x o x					20	95
Sylvíá	x x x o x o x o o o o o o x x o o x x x					11	50
<hr/>							
Aðrir mættir.							
Evar			x x x		x	4	
Árni	x		x		x	3	
Atli			x			1	
Gylfi	x	x				2	
Einar			x			1	
Chinotti				x		1	
Gerry			x		x	2	
Jón Ásgeir					x	1	
<hr/>							
Stjórn	3 4 4 3 5 3 3 4 2 2 2 2 3 4 3 2 3 5 2 3						

Meðaltalsmæting á stjórnarfundum var því rétt rúmlega þrír, sem er heldur slappara en í fyrra. Auk sjórnarfunda voru haldnir nokkrir vinnufundir og einnig fundur um Landsliðsmálefni milli jóla og nýárs 1987.

Eins og oft áður hafa varamenn látið lítið að sér kveða í stjórninni og væri það breyting til batnaðar, ef þeir gætu tekið þátt í starfinu.

Ánægjulegt er að KAI hefur fengið til sín mjög drífandi stjórnarmann þar sem Reinharð er og væri full þörf að fá fleiri slíka menn í stjórnina.

Ég vil áréttu þá skoðun mína að í stjórn KAI séu ávallt nokkrir sem æfa Karate reglulega, þannig að þeir viti hvernig málín ganga fyrir sig í "grasrótinni". Slíkt eykur skilning og færir KAI nær hinum almenna Karateiðkanda. Með þessu er ég þó ekki að segja að KAI sé ekki fyrir aðra, td. fyrrum Karateiðkendur, sem vilja leggja sitt af mörkum í öðru en að svitna á æfingum. Oft eru þeir menn mjög áhugasamir. Stjórn KAI ætti að vera blanda af hvoru tveggja.

Afram hefur verið haldið þá braut að senda út fundargerðir KAI og held ég að það komi að miklu gagni í félögunum og í samskiptum innan Karatehreyfingarinnar almennt.

Það skal ítrekað enn og aftur að stjórnarmenn félaganna er auðvitað heimilt að sækja stjórnarfundi KAI, ef þeir láta vita fyrirfram, slíkt er aðeins til góðs fyrir samskiptin milli KAI og aðildarfélaganna.

Árið einkenndist af miklum breytingum í Landsliðsmálum, nokkrum skuldahala, sem við erum að losa okkur við þessa dagana og kaupum á tölvubúnaði á skrifstofu KAI.

Stærsti viðburður tímabilsins er án efa ráðning Gerry Fleming sem landsliðspjálfara næstu tvö árin. Mér er til efs að aðrar íþróttagreinar hérlendis hafi núverandi Heimsmeista sem Landsliðspjálfara. Þetta sýnir að Karate er í geysilegri framför einmitt núna og það er gaman að vera þáttakandi í þessarri örú þróun sem á sér stað.

Með Karatekveðjum
Karl Gauti Hjaltason.

Nokkrir atburðir og fréttir.

Stigatafla KAI.

Snemma árs 1988 samdist svo um með stjórn KAI og Ævari Þorsteinssyni, að hann myndi smíða stigatöflu til notkunar á mótmum fyrir Karatesambandið. Ævar hefur nú nær lokið smíðinni, en tafir hafa verið nokkrar, vegna anna hjá honum. Vonast er til að hægt sé að stinga henni í samband á Unglingameistaramótinu 25 febrúar n.k., en hún mun koma að góðum notum á NM í haust.

Taflan verður með hvítum og rauðum ljósum, sem eiga að sýna stig keppenda, einnig verða ljós fyrir Jogai og Hansuko. Kostnaður við gerð töflunnar er nú komin upp í 50.000.- kr.

Tækja- og Útbreiðslusjóður.

Á tímabilinu hefur tvívar sinnum verið veitt peningum úr sjóðnum. í fyrra sinnið var Jónína Olesen KFR styrkt um kr. 10.000.- til að fara á ráðstefnu um Barna- og Unglinga-íþróttir á Akureyri í febrúar 1988. Ráðgert er að hún haldi fyrirlestur um sama efni á vegum KAI áður en langt um líður.

Einnig hefur verið veitt kr. 10.000.- til Karatedeildar Stjörnunnar, til að halda Karateskóla fyrir börn í Garðabæ í tengslum við íþróttu- og leikjanámskeið á vegum Æskulýðsráðs bæjarins í júlí 1988.

Einnig hafði verið samþykkt framlag til útgáfu Karateblaðsins til Karatedeildar Gerplu kr. 10.000.- en aldrei varð af þeirri útgáfu, svo til greiðslu kom ekki.

Beiðni barst um framlag úr sjóðnum frá Stjórn Goju-Kai á Íslandi um 30.000.- kr styrk til farar tveggja þjálfara þeirra til Svíþjóðar á kennaranámskeið sem er 4-5 febrúar. Samþykkt var að veita 10.000.- styrk, með sérstöku tilliti til þess að hér er um námskeið fyrir kennara að ræða, til Goju-Kai til fararinnar.

Karatemaður ársins 1987 og 1988.

Stjórn KAI valdi Karatemann ársins 1987, Árna Einarsson, en það var í briðja sinn, sem honum hlotnaðist sá heiður. 1988 valdi stjórnin síðan Sigurjón Gunnsteinsson, sem Karatemann ársins, en Sigurjón hefur sýnt miklar framfarir á árinu og staðið sig vel á fjölmörgum mótmum, sem haldin hafa verið. Hæst ber þó þegar hann sigraði bæði í Kata karla og í sínum þyngdarflokki í kumite á Íslandsmeistaramótinu 1988.

Verðlaunapeningur KAI.

Margoft hefur um það verið rætt að láta smíða nýjan verðlaunapening fyrir KAI, þannig að til væru tveir þannig, sem hægt væri að skiptast á að nota. Nú hefur þetta verið samþykkt í stjórn KAI og verður hafist handa fljótlega, en einnig hefur komið upp sú hugmynd að láta sérhanna pening fyrir NM í haust, en þá væri upplagt að nota sömu teikningu, en með breyttri áletrun.

Lottó.

Prátt fyrir að sala Lottós hefur dregist nokkuð saman á árinu þá hefur bessi nýja tekjulind haft í för með sér mikla tekjuaukningu fyrir KAI, og kemur það fram í öllu starfi KAI.

Tilkoma Lottósins var mikið gæfuspor fyrir íþróttahreyfinguna og hefur allstaðar orðið til þess að nýjir vaxtar-sprotar sjást hvarvetna í íslensku íþróttalífi. Hjá okkur Karatemönnum hefur bessa aukna tekjustreymi farið jafnt til Landsliðsmála, svo sem keppnisferða erlendis og einnig í það að bæta aðbúnað á skrifstofu KAI, en þeirri fjárfestingu er nú nærri lokið. Ætlunin er að veita enn meiri peningum í útbreiðslustarf og þáttur í því er m.a. að styrkja námskeiðs-hald í félögunum, útgáfustarf og fleira í þeim dúr.

Um útdeilingu Lottóágóðans hefur verið deilt undanfarið og sitt sýnst hverjum í því sambandi. ÍSÍ hefur farið þá leið að skipta milli Héraðssambanda og Sérsambanda í hlutföllunum 55 - 45, sem var breytt úr 50 - 50, snemma á síðasta ári og ég hef engin rök séð fyrir því. Hluti Sérsambandanna hefur síðan verið skipt 5% til afreksmannasjóðs, 10% jafnt og 85 % eftir "umfangi og eigin tekjuöflun". Þessi regla sker í augum, og hlýtur að vera ómarkvissari en einfaldlega iökendatölur, þó falsaðar séu. Áður var að hluta til miðað við iökendatölur, en Karateiðkendur eru um 1.5 % af iökendum íþróttu hérlandis, en það var afnumið og bessi fáranlega regla látin vega 85 %, sem er allt of hátt hlutfall, og segir það eitt að skiptingin verði ákveðin inni á fundi hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ. Mér er til efs að KAI nái því að fá 1.5% af heildarupphæðinni, trúlega nær 0.5 %.

Sem dæmi um hvernig er hægt að "falsa" eigin tekjuöflun er einfaldlega að ráða nokkra starfsmenn hjá KAI, sem myndu hafa það eina verkefni að safna peningum fyrir kaupinu sínu, þá væri hægt að hækka tekjur og útgjöld KAI og eigin tekjuöflun myndi hlutfallslega hækka miðað við þegna styrki. Þetta væri metið sem stórkostlegur bonus fyrir KAI og Lottó-fjármagnið myndi fylla kassann, en ég tel þetta skrípaleik og ekki til þess fallið að fjármagnið dreifist í hlutfalli við almenna iökun íþróttu.

Getraunir.

A árinu tengdust íslenskar getraunir Lottókössunum, sem varð til þess sala getrauna stórjókst. Það má því búast við því eftir að stofnkostnaður á þessu dýra fyrirtæki hefur verið greiddur, að getraunir skili inn umtalsverðum hagnaði til íþróttahreyfingarinnar iökendum til góða.

Félögin fá enn sinn hlut, með því að þáttakendur merkja við sitt stuðningsfélag á seðilinn, og hefur td. eitt Karate-félag fengið númer, en það er Þórshamar sem hefur fengið hlutið nr. 136. Æskilegt væri að fleiri Karatefélög fetuðu í fótspor þeirra og hvettu síðan sitt fólk til að "tippa" þeim til góða, en áætlað er að 20% af veltunni renni til félaga.

Það er þó bagalegt að flestir Karateiðkendur eru innan deilda í stærri íþróttafélögum og fá því ekki beint að nýta þennan nýja möguleika. Það var þess vegna sem KAI sótti bréflega um númer til íslenskra Getrauna í lok síðasta árs, en fékk neikvætt svar, númerin væru eingöngu ætluð félögum.

Fyrirfram hefði mátt ætla að þetta fengist greiðlega í gegn því Sérsambond eru aðeins 19, en félögin skipta hundruðum og eru sum hver örsmá. Þetta ætti að vera auðvelt með nýrri tölvutækni. Í tengslum við það sem ég sagði um lottó hér að ofan mætti hugsa sér númer fyrir hverja íþróttagrein, sem ætti að auðvelda útdeilingu Getrauna og þó helst

Lottófjárs, sem mikill styrr hefur staðið um undanfarin misseri.

Fjölsport.

Sala karatefélaganna á vörum Fjölsports gekk misjafnlega á árinu '87 - '88, en einna best gekk salan hjá UBK, en síður hjá mörgum öðrum félögum. Samningur KAI og Fjölsports var þó endurnýjaður síðla sumars 1988 með nokkrum breytingum.

Karatefélögin og KAI njóta góðs af þessum samstarfi og það er því mikilvægt að menn leggji sig fram um að sala í gegnum félögin verði sem mest, enda verð og gæði eftir okkar höfði, auk þess sem nú eru meiri möguleikar til þess að fá ýmsar vörur sem verslanir hirtu ekki um að bjóða karatefólki áður. Þá mun Fjölsport gefa verðlaun á Unglingameistaramótí Íslands í karate og munu þau að öllum líkindum verða bikar fyrir fyrsta sæti og verðlaunapeningur fyrir annað og þriðja sæti, í öllum keppnisgreinum.

Tölvukaup KAI.

Í ágústmánuði síðastliðnum keypti stjórn KAI tölvu fyrir sambandið af ISLAND PC-8088 gerð. Var tölvan keypt notuð á kr 30.000.- sem var mjög sanngjarnt verð, en tölvan er sem ný og kemur að fullum notum fyrir KAI. Í framhaldi af því var keyptur prentari, EPSON LQ-500, 24 nála hágæðaprentari sem kostði kr. 36.700.- og hefur hann reynst vel það sem af er. Ritvinnslukerfið WordPerfect var fengið á tölvuna en einnig er gagnagrunnsforritið dBASE III+ til staðar á skrifstofu sambandsins.

Stjórn KAI hefur síðan verið að safna saman og vinna úr ýmsum upplýsingum sem ekki hafa verið aðgengilegar og sett á disklinga og sent til félaganna. Má þar nefna úrslit síðustu Norðurlandamóta og árangur landsliðsins frá upphafi. Einnig hefur verið unnið að því að býða keppnisreglur WUKO og fer senn að sjá fyrir endan á því verkefni. Að öllum líkindum munu þær koma út nú með vorinu. Þá hefur lögum og öllum reglum Sambandsins verið komið á diska, sem mun spara mikla vinnu í framtíðinni og auðvelda geymslu til muna, auk þess sem geymsla gagna verður mun öruggari.

Helstu kostir tölvunnar eru þeir að nú er mun auðveldara að gera allar skýrslur og fundargerðir og mikill tími sparast við gerð allra bréfa og tilkynningar, bæði milli stjórnar KAI og félaganna og einnig í því alþjóðasamstarfi sem KAI á í. Þá er tölvan samhæfð þeim sem eru á skrifstofu íSÍ en ein þeirra er tengd við leysiprentara og var fengin útprentun úr honum við gerð Fréttabréfa KAI, sem gerðu það að verkum að gæði prentunarinnar var mun meiri fyrir vikið.

Þá stendur tölvan einnig félögunum, sem eru aðilar að KAI, til reiðu ef þau vilja, og þurfa að komast í tölvu til að skrifa bréf, tilkynningar, skýrslur o.s.frv. eða setja félagsmannatöl sín á tölvutækt form.

Enn hafa engir aðrir en stjórnarmeðlimir í KAI notað tölvuna, en begar að því kemur, sem vonandi verður senn, þá er auðvitað mikilvægt að það verði ákveðnir aðilar fyrir hvert félag, sem fái aðgang svona svipað og reynt hefur að haga málum varðandi Myndbandstæki KAI, þó stundum viti í raun enginn hvar það er niður komið.

Fræðslu- og útgáfumál.

Á 4. ársþing KAI var ákveðið að hefja útgáfu fréttabréfs á vegum KAI sem sent yrði til allra félaga. Kosin var ritnefnd til að annast útgáfu þess og hóf hún fljótlega undirbúning fyrir útkomu fyrsta tölublaðs. Það kom síðan út um mánaðarmótin nóvember - desember 1987 og var gefið út í 500 eintökum. Í því voru fréttir frá stjórn KAI, sagt frá Landskeppninni á milli Íslands, N-íra og Skota sem fram fór í Laugardalshöll og einnig frá Shotokan-kennurum sem von var á til landsins.

Annað tölublað kom síðan út í febrúar 1988 og var nokkru viðameira. Í því var sagt frá Shotokan-meistaramótinu 1987, Goju-kai meistaramótinu 1988, æfingum með Gerry Fleming, æfingum með Shihan Ingo de Jong, Unglingalandsliðinu, Unglingameistaramótinu 1988 og mörgu fleiru.

Er leið á vorið gat ritnefndin ekki sinnt útgáfunni sem skyldi þar sem 2/3 hennar voru í prófum. Um haustið, er taka átti upp bráðinn að nýju, kom í ljós að nefndarmenn voru í kafi í öðru og höfðu ekki tíma til að sjá um útgáfu fréttabréfsins. Annað kom einnig til en það var að ritnefndin hafði þurft að skrifa mestallt efnið sjálf og því fór sem fór. Það er von stjórnarmanna KAI að betur takist til við kosningu ritnefndar á 5. ársþinginu og iökendur í félögunum sjái sér fært að skrifa í það.

Á 4. ársþingi KAI var einnig samþykkt að hraða útgáfu keppnisreglna WUKO í aögengilegu formi fyrir iökendur í félögunum. Þenn er unnið við þýðingu þeirra, lokið er að þýða reglurnar sjálfar en unnið er við að þýða skýringagreinarnar. Vonast er til að því verði lokið nú bráðlega og að hægt verði að gefa reglurnar út fyrir sumarið. Einnig er stefnt að því að gefa út í sama bæklingi lög KAI og reglugerðir sem samþykktar hafa verið á ársþingum þess.

Íþróttaping íSÍ.

Íþróttaping íSÍ var haldið á Egilsstöðum 22.-23. oktober síðastliðinn. Karatesambandið átti rétt á einum fulltrúa á þinginu og fór ritari KAI, Reinharið Reinhariðsson, sem fulltrúi KAI. Mörg mal og tillögur voru til meðferðar á þinginu og fór mestur tími þess í umræður um lagabreytingar, þar sem lög íSÍ höfðu verið tekin til gagngerar endurskoðunar. Fjöldi breytingatillagna bárust á þinginu og voru summar þeirra teknar til greina strax en öðrum var vísað til milliþinganefndar sem mun halda áfram að endurskoða lög íSÍ.

Nokkrar tillögur bárust um skiptingu Lottóhagnaðar á milli héraðs- og sérsambanda og eftir miklar umræður um þær var ákveðið að vísa þeim öllum til framkvæmdastjórnar íSÍ til athugunar. Samþykkt var tillaga um að vinna að undirbúningi stofnunar "sérhæfri ferðaþjónustu íþróttahreyfingarinnar" sem leiti hægstæðstu fargjalda fyrir íþróttafólk sem þarf að ferðast á keppnisstaði, æfingabúðir, o.s.frv. Fjölmargar aðrar tillögur voru til afgreiðslu á þinginu en fæstar þeirra snerta karatemenn beint. Peir sem hafa áhuga á að kynna sér þinggerð íþróttapingsins geta snúið sér til stjórnar KAI.

Karl Gauti Hjaltason / Reinharið Reinhariðsson

Landsliðsannáll Okt '87 - Jan '89.

Fyrsti landsliðspjálfari Íslands í Karate var Ólafur Wallevik, en hann hóf störf ári áður en KAI var stofnað eða á árinu 1984. Frá upphafi stefndi hann á góðan árangur á NM '85, sem haldið var í Reykjavík. Það má segja að árangur okkar manna á því móti hafi verið betri en nokkru sinni áður, en þar munaði t.d. mjóu að okkur tækist að sigra Norðmenn í sveitakeppninni (2-3) og hlutum eitt silfur og brjú brons í einstaklingskeppninni. Ólafur hætti sem landsliðspjálfari eftir mótið, eins og ráðgert var, en við tók Atli Erlendsson. Báðir bessir fyrstu þjálfarar voru ólaunaðir og fórnuðu öllu fyrir uppgang Landsliðsins. Landsliðið óx frá því að tapa flestum eða öllum glímum með miklum mun á NM '83 í það að sigra nokkrar glímur og tapa öðrum með litlum mun á NM '87, en þar náðist glásilegri árangur en nokkru sinni fyrr, begar Jónína Olesen og Árni Einarsson hlutu bæði silfur í sínum þyngdarflokkum í kumite.

Ólafur Wallevik og Atli Erlendsson voru því þeir menn sem byggðu Landslið okkar úr engu. Þeir ásamt okkar bestu keppnismönnum í gegnum árin, þeim Árna Einarssyni, Jónínu Olesen og Ávari Þorsteinssyni hafa sett Ísland á blað í Karatekeppnum í Evrópu. Nú er svo komið að hin Norðurlöndin, sem eru mörg meðal þeirra bestu í heiminum í Karate, geta ekki lengur bókað sigur gegn íslenska landsliðinu að óreyndu.

Atli Erlendsson létt af störfum, sem landsliðspjálfari um áramótin '87 - '88. Ekki var ráðin þjálfari í stað hans, heldur var Árni Einarsson ráðin til að þjálfa nýstofnað Unglingalandslið. Það virtist líta út fyrir að okkar bestu keppnismenn væru að hellast úr lestinni á þessum tíma og þá var eina ráðið að reyna að byggja upp okkar yngri karatemenn.

Allt árið 1988 voru æfingar undir stjórn Árna, með nokkum hléum, en fljótlega var ljóst að Gerry Fleming væri tilbúin til að taka að sér þjálfun Landsliðsins eftir HM '88, en í því tók hann þátt f.h. Bretta. Gerry sannaði enn einu sinni, hversu frábær karatemaður hann er, begar hann í þriðja sinn varð Heimsmeistari með Bresku sveitinni.

Í janúar 1989 var Gerry formlega Landsliðspjálfari Íslands í Karate, og hóf starf sitt með viku æfingabúðum, þar sem um 50 manns æfðu undir hans stjórn. Ætlunin er að hann komi hingað til lands mánaðarlega yfir vetrartímann, en sjaldnar á sumrin. Nú standa fyrir dyrum brjár Landskeppnir á þessu ári, þ.e. keppni við lið frá Englandi 10. júní, NM '89 sem haldið verður í Reykjavík 14. október og loks hin árlega keppni við N-íra og Skota í Glasgow í nóvember.

Eg held að Gerry sé slíkur hvalreki á okkar fjörur, að það megi draga í efa að okkur hlutnist að fá betri þjálfara næstu árin, og skulum við því nota tímann vel til uppbyggings. Flestir máttarstólpars okkar hafa ákveðið að æfa og keppa fyrir Íslands hönd á árinu, auk annarra yngri og efnilegra, það verður því gaman að sjá árangur okkar manna, þegar líða tekur á árið og hef ég þar NM aðallega í huga. Það er þó stuttur tími til stefnu og ólíklegt að nýjir menn eigi eftir að gera stóra hluti á svo skömmum tíma. Það verður fyrst á árinu 1990, sem vonast má eftir því að breidd myndist í Landsliðshópnum. Að lokum vil ég óska landsliðinu góðs gengis í framtíðinni og taka það fram að stjórn KAI mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að styðja við bak landsliðsins, eins og reyndar hingað til.

Fyrirkomulag Landsliðsins 1989.

Gerry Fleming hefur í samvinnu við Landsliðsmenn og stjórn KAI, gert skipulag til að vinna að eflingu Landsliðsins á árinu.

Í stuttu máli, þá verður skipt í fjóra hópa, A, B, C og Kvenna - hóp. Í A-hóp eru þeir sem koma til greina í landsliðið begar háðar eru keppnir. Í B-hóp eru síðan þeir sem eru næst því að komast í A-hópinn, en í C-hóp eru loks allir aðrir, sem kjósa að æfa undir stjórn Gerry. Kvenna hópurinn er, eins og nafnið gefur til kynna skipaður þeim konum sem koma til greina að keppa fyrir Íslands hönd.

Ef framfarir verða miklar hjá einstökum mönnum, má búast við því að viðkomandi verði fluttur upp í næsta hóp, eins er líka þegar menn fara að slaka á eða ná ekki tilskildum framförum, þá verða þeir umsvifalaust settir niður í næsta hóp.

Til að standa straum af kostnaði við þjálfarakomur verður lagt eilítið gjald á alla þáttakendur, því það er nokkuð ljóst að KAI hefur ekki bolmagn til að fjármagna þetta auk keppnisferða og annars kostnaðar.

Í janúar tóku hátt í 50 manns þátt í æfingum undir stjórn Gerry, og var æft tvívar á dag flesta dagana.

Páttakendafjöldi.

Breiðablik	18	Hafnarfjörður	4
Þórshamar	10	Fylkir	3
KFR	10	Baldur	1

A-hópur.

Atli Erlendsson	KFR
Árni Einarsson	KFR
Finnbogi Karlsson	UBK
Grétar Halldórsson	KFR
Halldór Svavarsson	KFR
Helgi Jóhannesson	UBK
Konráð Stefánsson	KFR
Magnús Blöndal	KFP
Ómar Ívarsson	KFR
Sigurjón Gunnsteins.	KFR
Ævar Þorsteinsson	UBK

C-hópur.

Bessi Jónsson	KFP
Birgir Sævarsson	KFH
Bjarni Kærnested	KFP
Björn L Þórisson	UBK
Erlingur Bjarnason	KDF
Fjölnir Þorgeirsson	UBK
Friðrik Ágústsson	KFP
Guðjón Enfield	UBK
Gunnar Halldórsson	UBK
Hafþór Sæmundsson	KFR
Helgi Leifsson	KFP
Ingi Einarsson	UBK
Ingólfur Guðmundsson	UBK
(Raðað í stafrófsröð)	

K-hópur.

Hildur Svavarsdóttir	KFR
Oddbjörg Jónsdóttir	UBK
B-hópur.	
Arni Einarsson	KFP
Árni Jónsson	UBK
Bjarki Haraldsson	UBK
Elvar Kjartansson	KFH
Guðlaugur Davíðsson	KFR
Hjalti Ólafsson	UBK
Jóhannes Reynisson	KFR
Sigfús Sigurðsson	UBK
Sigmundur Rafnsson	KDB
Visente Carraso	KDF

C frh.

Jóhann Ingvason	KDF
Jón Ásgeir Blöndal	KFP
Jón Ingjaldsson	KFP
Lúðvík Guðjónsson	KFP
Michael Thorarensen	KFH
Reynir Þór Valgarðs.	UBK
Sigurgeir Gíslason	UBK
Sverrir Steingrímsson	UBK
Valdimar Ólafsson	UBK

Karl Gauti Hjaltason.

Árangur Landsliðsins frá upphafi.

Gerð hefur verið skrá yfir landsleiki Íslands í Karate frá upphafi, eða frá NM 1983 í Ósló. Eins og sést á töflunni þá eru Norðurlöndin geysisterk og ekki oft sem okkur tekst að sigra viðureignir gegn þeim, þó virðist okkur takast betur gegn Norðmönnum og Dönum. Þróunin hefur verið á betri vegginn og þess vart langt að bíða að við náum að leggja einhverja þjóð á NM. Styrkleiki Svíþjóðar í Landskeppninni í Gautaborg 1985, er ekki alveg marktækur, vegna þess að þeir sendu ekki alla sína bestu menn, þó voru þar menn úr A-liði þeirra. Keppnin gegn V-Þjóðverjum 1988 var að sjálfsögðu ekki við Landslið þeirra, en þó var hér um formlegann landsleik að ræða, þar sem landsliðspjálfari þeirra samþykkti mótið.

Nokkurn tíma tók að safna þessum upplýsingum og burfti oft að leita til landsliðsmanna og þeir að grafa einstakar glímur upp úr minni sínu. Úrslit landsleikja ættu að vera rétt hér að neðan, en ennþá á eftir að fá upplýsingar um nokkrar glímur, þá sérstaklega hverjir kepptu í hvert sinn, og þá hverjir sátu á varamannabekk, þess vegna ber að taka upplýsingum um hvað hver maður keppti oft með fyrirvara.

Fyrsta taflan sýnir 21 landsleik okkar í tímarröð og úrslit, síðan kemur tafla yfir árangur gegn hverri þjóð og loks árangur þeirra sem keppt hafa fyrir okkar hönd.

Nr	Mótshald	Mótherjar	Sigur	Vinn
1	NM 1983 Ósló Noregi,	.; Svíþjóð	0-1	0-5
2	NM 1983 Ósló Noregi,	.; Noregur	0-1	0-5
3	NM 1983 Ósló Noregi	.; Finnsl.	0-1	0-5
4	NM 1983 Ósló Noregi,	.; Danmörk	0-1	1-4
5	NM 1984 Karlstad Svíþjóð,	.; Svíþjóð	0-1	0-5
6	NM 1984 Karlstad Svíþjóð,	.; Noregur	0-1	1-4
7	NM 1984 Karlstad Svíþjóð,	.; Finnsl.	0-1	1-4
8	Landsk. í Gautab. mars'85	.; Svíþjóð	1-0	3-2
9	Landsk. í Gautab. mars'85	.; Svíþjóð	0-1	2-3
10	Landsk. í Gautab. mars'85	.; Svíþjóð	0-1	1-4
11	NM 1985 Reykjavík,	.; Svíþjóð	0-1	0-5
12	NM 1985 Reykjavík,	.; Finnsl.	0-1	0-4
13	NM 1985 Reykjavík,	.; Noregur	0-1	2-3
14	Landsk. í Glasgow okt '86	.; N-írar	1-0	4-1
15	Landsk. í Glasgow okt '86	.; Skotar	0-1	0-4
16	Landsk. í Rvík. nóv '87	.; N-írar	0-1	2-2
17	Landsk. í Rvík. nóv '87	.; Skotar	0-1	1-3
18	Landsk. í Rvík. okt '88	.; Þýskal.	0-1	2-3
19	Landsk. í Rvík. okt '88	.; Þýskal.	1-0	3-2
20	Landsk. í Derry, okt'88	.; Skotar	1-0	3-1
21	Landsk. í Derry, okt'88	.; N-írar	0-1	2-3

4-17.28-72.

Árangur gegn einstökum þjóðum.

Land	fj. leikja	sigrar-töp	úrsl.	viðureigna.
N-Írland	3	1 - 2	8 - 6	
Skotland	3	1 - 2	4 - 8	
V-Þýskaland	2	1 - 1	5 - 5	
Svíþjóð	6	1 - 5	6 - 24	
Danmörk	1	0 - 1	1 - 4	
Noregur	3	0 - 3	3 - 12	
Finnland	3	0 - 3	1 - 13	
Samtals	21	4 - 17	28 - 72	

Einstakir landsliðsmenn.

Nafn.	Fél.	Oft í liði.	Oft í keppni.	sigur-jafnt
Atli Erlendsson	KFR	19	19	5 - 0
Árni Einarsson	KFR	21	18	5 - 1
Ævar Þorsteinsson	UBK	18	17	7 - 1
Ólafur Wallevik	KFP	15	8	2 - 1
Halldór Svavarsson	KFR	11	9	2 - 0
Stefán Alfreðsson	STJ	10	8	1 - 0
Sigurjón Gunnsteinsson	KFR	9	7	2 - 1
Ómar Ívarsson	KFR	7	5	0 - 0
Konráð Stefánsson	KFR	6	4	2 - 0
Karl Sigurjónsson	KFP	6	5	0 - 0
Finnbogi Karlsson	UBK	4	1	0 - 0
Svanur Eyþórsson	KFP	3	1	0 - 0
Gísli Klemenzson	KFP	3	3	1 - 0
Jóhannes Karlsson	KFR	3	2	0 - 0
Sigbör Markússon	KFP	3	3	0 - 0
Sölvi Rafnsson	BAL	2	1	1 - 0

Karl Gauti Hjaltason

Æfingabúðir Goju-kai í Sviss.

Fimm íslendingar fóru á æfingabúðir Evrópusambands Goju-kai sem var haldið í bænum Mürren í Sviss dagana 3.-9. júlí. Fararstjóri í ferðinni var Jónína Olesen, 1. dan, og tók hún þátt í fundum yfirkenndra landanna fyrir Íslands hönd. Æft var undir stjórn bestu kennara sem völ er á, þeim Shihan Goshi Yamaguchi, Shihan Hiromasa Kikuchi, Shihan Ingo de Jong og Yokyo Walter Seeholzer. Einnig voru til aðstoðar margir kennrarar 3. og 4. dan. Æft var í premur hópum, 9. - 5. kyu, 4. kyu - 1. dan og 2. - 6. dan. Æfingarnar voru 3 til 4 á dag og stóðu yfir frá sjö að morgni til sex að kvöldi, venjulega tvær að morgni og tvær sennipartinn. Mjög góð aðstaða var fyrir alla í bænum því í honum hefur verið byggt upp íþróttamiðstöð, með stórum og litlum sal, sundlaug með nuddpotti og gufubaði, miklu og góðu gistiþými og góðu mótneyti þar sem þeir sem vildu gátu fengið grænmetisfæði!

Á æfingunum var farið í Goju-stílinn og voru æfingarnar í samræmi við það, kihon, kihon-ido, kihon samæfing, kata, shitei-kata, bunkai, kata sanchin og kata tensho, kumite og keppnis-kumite. Síðasta daginn var síðan dan gráðun og náðu tveir karateiðkendur sem eru íslendingum að góðu kunnir gráðun. Conny Ferm er nú 4. dan og Marika Strömberg er 3.dan.

Búðunum lauk síðan með sýningu þar sem Goshi Shihan sýndi kata, Ingo Shihan sýndi kumite með aðstoð Carl, 1.dan, frá Svíþjóð, Kikuchi Shihan og Walter Zeeholzer sýndu Tai Chi og átta krakkar frá Japan (1.dan og 1.kyu) sýndu kata. Pótti sýningin takast stórkostlega.

Reinharð Reinharðsson

Komur erlendra þjálfara til landsins.

Goju-kai sambandið.

Shihan Ingo de Jong hefur komið fjórum sinnum til landsins á tímabilinu. í lok árs 1987 og í febrúar 1988 kom hann og var í viku tíma í hvort skipti. Haldnar voru æfingabúðir í bæði skiptin þar sem komu iðkendur frá KFR, Stjörnunni, Þór og Baldri og lauk þeim með gráðunum. í febrúar fóru flestar æfingarnar fram í Baldurshaga í Laugardal þar sem dojo félaganna gátu ekki tekið við öllum þeim fjölda sem sótti æfingabúðirnar.

Í september og desember síðastliðnum kom Shihan Ingo de Jong einnig og hafði æfingabúðir hjá Stjörnunni í Garðabæ. í september var farið yfir stöðu mála eftir sumarið og skipulagðar æfingar fyrir haustmisserið. í desember var farið í æfingar fyrir vormisserið og síðan var gráðun í lok æfingabúðanna og náðu fjórir meðlimir Stjörnunnar 6. kyu, grænu belti.

Von er á Shihan Ingo de Jong til landsins tvisvar á misserinu, um pásku og verða þá viku æfingabúðir og síðan eftur í maí og verður þá gráðað í lok heimsóknarinnar.

Shotokan Sambandið.

Shotokan félögin stóðu fyrir nokkrum þjálfarakomum á tímabilinu, ýmist öll saman eða hvert í sínu lagi.

Sensei Masao Kawasoe kom á vegum UBK og Þórshamars snemma haustið 1988 og var æft stíft undir hans stjórn í fjóra daga. Ætlun þessarra félaga er að fá hann hingað til lands tvisvar á ári.

Jim Martin, sem er Skoskur meistari í Kata, kom hingað tvisvar, sitt hvoru megin við áramótin '87 - '88 og stóð hér við í viku í hvort skipti. Fyrir komu hans stóðu öll Shotokan félögin og voru æfingabúðir með honum mjög vel sóttar. Hann hefur boðist til að koma hingað aftur og er það nú til athugunar hjá félögunum.

Ólafur Wallevik kom fyrst á vegum Gerplu í febrúar '88 og síðan aftur á vegum KFP og UBK í mars sama ár. Ólafur hefur alltaf verið vinsæll meðal Shotokan manna og æfingar með honum vinsælar, enda notar Óli ýmsar óvenjulegar kennslu-aðferðir, sem eru í uppáhaldi hjá mörgum íslenskum góð-kunningum hans.

Gerry Fleming hefur alltaf af og til komið á vegum SKSÍ, þótt oftast hafi hann komið á vegum KAI til að þjálfa landsliðsmenn. í mars 1988 kom hann þó á vegum UBK og KAI sameiginlega. Hér eftir mun Gerry þó að sjálfsögðu aðeins vera á vegum KAI, enda ráðinn Landsiðspjálfari frá síðustu áramótum.

Haustið 1988 gerðist síðan sá langbráði atburður að UBK og Þórshamar réðu hingað til lands Norskan karatemann, Runne, sem mun kenna til skiptist í þessum félögum í þrjá mánuði frá 25 jan 1989. Þetta markar þáttaskil í þjálfun Shotokan manna enda alltaf verið draumurinn að fá hingað langtímapjálfara. Það hefur verið okkar bestu mönnum fjötur um fót að þeir hafa verið á kafi í kennslu alla daga, en ekkert getað æft sig sjálfir, en nú sjáum við fram á betri daga.

Sankudo-kai sambandið.

Einn erlendir þjálfari kom til karatedeildar Fylkis, 3. dan, frá Spáni og kenndi hann í þrjár vikur í september 1988.

Yfirlit yfir iökendur í karate samkvæmt skýrslum íSÍ.

Félög og deildir.

		Héraðss.	1986	1987	Breyt
1.	Karatefélag Reykjavíkur	f.B.R.	309	390	+ 81
2.	Karatedeild Breiðabliks	U.M.S.K.	256	368	+112
3.	Karatefélagið Þórshamar	f.B.R.	339	272	- 67
4.	Karatedeild Gerplu	U.M.S.K.	192	203	+ 11
5.	Karatedeild Stjörnunnar	U.M.S.K.	154	90	- 64
6.	Karatedeild Baldurs	H.S.K.	27	54	+ 27
7.	Karatedeild Þórs	H.S.K.	32	44	+ 12
8.	Karatedeild UMF. Selfoss	H.S.K.	79	27	- 52
9.	UMF. Biskupstungna	H.S.K.	4	4	0
10.	UMF. Glóðafeykir	U.M.S.S.	0	4	+ 4
11.	UMF. Afturelding	U.D.N.	0	2	+ 2
12.	UMF. Njáll	H.S.K.	0	1	+ 1
13.	UMF. Þórsmörk	H.S.K.	0	1	+ 1
14.	UMF. Vorboðinn	U.S.A.H.	0	1	+ 1
15.	UMF. Þróttur, Vogum	Í.S.	65	0	- 65
16.	Karatedeild Sindra	U.S.Ú.	25	0	- 25
17.	UMF. Mímir	H.S.K.	20	0	- 20
18.	UMF. Bessastaðir	U.M.S.K.	11	0	- 11
19.	UMF. Eyrarbakka	H.S.K.	9	0	- 9
<hr/>					
Samtals karateiökendur				1529	1461 - 68
<hr/>					

Fjöldi iökenda eftir Héraðssamböndum.

Íþróttabandalag Reykjavíkur.....	648	662	+ 14
Ungmennasamband Kjalarness.....	613	661	+ 48
Héraðssambandið Skarphéðinn.....	171	131	- 40
Ungmennasamband Skagafjarðar.....	0	4	+ 4
Ungmennasamband Dala- og N-Breiðafj.....	0	2	+ 2
Ungmennasamband Vestur-Húnavatnssýslu....	0	1	+ 1
Íþróttasamband Suðurnesja.....	65	0	- 65
Ungmennasambandið Úlfljótur.....	25	0	- 25

Reinharð Reinharsdóttir

Karateiðkendur í nokkrum löndum.

A vegum WUKO stendur yfir þessa dagana upplýsingasöfnun um fjölda Karateiðkenda í heiminum og stöðu Karate í hverju landi. KAI hefur sent upplýsingar nú nýverið til WUKO, eins og nokkur önnur lönd. Mikið vantar bó á að upplýsingar hafi borist frá öllum þorra þeirra þjóða, sem eru aðilar að WUKO. Þessar upplýsingar ættu að vera til reiðu síðar á þessu ári. Í Evrópu eru 26 þjóðir aðilar að EKU og 13 hafa svarað.

Þann 8. september 1987 sendi KAI bréf til WUKO og óskaði eftir upplýsingum varðandi iðkendafjölda Karate og tilgreindi að slíkar upplýsingar væru ómetanlegur þáttur í baráttu Karate um allan heim til að komast á Ólympíuleika, svo og fyrir hvert land til uppbyggingar heima fyrir. Einnig benti KAI á að WUKO ætti að beita sér fyrir því að hvert Karatesamband reyndi að hafa jákvæð áhrif á Ólympíunefnd síns lands. Í svari forseta WUKO, J. Delcourt, þann 10 september, segir að næsta skref sé að komast inn á dagskrá IOC (Alþjóða Ólympíunefndin), í því sambandi geti Ólympíunefndir hverrar þjóðar ekki haft nein áhrif. Í lok bréfsins segir að Karateiðkendur séu 25 milljónir.

Það er skoðun undirritaðs að þrátt fyrir greinilega viðleitni í þá átt að gera Karate að Ólympíúþrótt, hafi Karate farið halloka fyrir Tai Kwon Do, sem var sýningargrein í Seoul, enda þjóðaríþrótt Kóreumanna. WUKO hefur ekki haft allar þær klær úti sem unnt hefur verið að beita, eins og td. það að hafa áhrif á Ólympíunefndir hvers lands. Einnig er það frumskilyrði fyrir hverja íþrótt að hafa á reiðum höndum tölur um iðkun hennar, sérstaklega begar í gangi er baráttu um að vinna henni sess meðal annarra Ólympíúþróttta.

Stöðugur áróður er eina ráðið og Karate hefur beðið lægri hlut fyrir gífurlega öflugum áróðri Tai Kwon Do, þótt sú íþrótt sé enn mun minni en Karate. Mikið fjármagn og góð skipulagning innan Tai Kwon Do hefur komið þeirri íþrótt fram á veginn, þannig að við sjáum í hælana á þeim. Þessar tvær íþróttir eru það líkar, að ólíklegt er að þær verði báðar samþykktar inn á OL, a.m.k. í bráð.

Aralöng misklið milli WUKO og IAKF átt sinn þátt í að seinka árangri, en nú er loks búið að eyða þeim hindrunum, begar IOC viðurkenndi WUKO sem heimssamband fyrir Karate í júní 1985. WUKO verður því að setja sig í orustustellingar og berja sér leið inn á OL, sem getur í fyrsta lagi orðið 1996. Að lokum koma svo tölurnar og staða Karate miðað við aðrar íþróttir.

Þær þjóðir sem sent hafa inn upplýsingar.;

Japan	1.200.000	(-)	Finnland	13.500	(25)
Júgóslavía	300.000	(5)	Noregur	11.000	(17)
Frakkland	200.000	(8)	Ísrael	10.000	(4)
Egyptaland	160.000	(2)	Líbanon	10.000	(5)
Alsír	117.000	(1)	Belgía	6.700	(10)
Spánn	105.000	(4)	Danmörk	6.500	(-)
Ítalía	100.000	(10)	Nigería	5.000	(3)
Pýskaland	75.000	(27)	Ísland	1.529	(12)
Ungverjaland	50.000	(2)	Singapore	1.500	(2)
Sýrland	45.000	(2)	Monaco	600	(6)
Tyrkland	30.000	(5)	Malta	150	(-)
Marókkó	15.000	(5)	<u>Samtals</u>	<u>2.463.479</u>	

Fundir formanna á Norðurlöndum.

Á tímabilinu hafa verið haldin tvö NM og þar af leiðandi tveir fundir með formönnum Karatesambanda Norðurlandanna. Hér verður því greint frá samþykktum frá þeim báðum í einum lagi.

1987 í Drammen voru eftirfarandi málefni rædd.;

- 1) Samþykkt var að ekki yrðu notaðar dýnur í Kata.
- 2) Það mun verða ákveðið fyrir hvert mótt hve margir komist áfram í Kata - keppninni.
- 3) Tímans vegna var það talið óframkvæmanlegt að hafa opinn flokk í kumite karla.
- 4) NM á næstu árum.; 1988 Stokkhólmi
1989 Reykjavík 1990 Kaupmannahöfn
1991 Helsinki 1992 Ósló.
Samþykkt var að mótið skyldi haldið í grennd við höfuðborg viðkomandi lands.
Mótin skulu haldin í október eða nóvember.
- 5) Karatesamband Norðurlanda verður stofnað eftir að það hefur verið undirbúningur hefur verið samþykktur á fundi formannanna að stofna það ári síðar. Á þessu ári mun fara fram víðtæk kynning á skipulagi og markmiðum þess.
- 6) Listar yfir klúbba á Norðurlöndunum verða sendir út til allra landanna.

1988 í Stokkhólmi kom þetta fram m.a.;

- 1) Finnland bar upp tillögu um að halda æfinga- og keppnisviku skömmu fyrir EM ár hvert. Hugmyndin er að byrja á þessu 1990. Málínu frestað.
- 2) Framkvæmd HM í Kairó var að margra álíti slæm, samþykkt að senda mótmælabréf.
- 3) Samþykkt að athuga hvort Færeyjar hafi áhuga á að taka þátt í NM 1989 í Reykjavík.
- 4) NM 1989 verður haldið 14. október 1989 á Íslandi.

NM'89 í Reykjavík - Áætlun.

Ljóst er að nokkru meiri þátttakendafjöldi verður hér á NM í haust, heldur en 1985, vegna þess að Danir voru ekki með þá. Til að halda mótið sómasamlega verður að fá mikinn fjölda af fólki til að vinna að undirbúningi. Sérstaklega er hörgull á reyndu starfsfólki frá síðasta NM. Mikilvægt er að fjölmöldum verði vel sinnt og mótsstjórn gangi snuðrulaust fyrir sig. Þeir sem unnu fyrir NM 1985 eru því velkomnir til starfa aftur. Reynt verður að fá inn tekjur af mótinu, sem tókst vel 1985. Til þess að það sé unnt, þarf að hefjast handa fljótlegra um auglýsingasöfnun. Gott væri ef Ísland gæti haft nokkra aðstoðardómara auk tveggja vallardómara, til þess þarf að hefja þjálfun þeirra tímanlega. Áætlunin er að bjóða keppnisfólkini í útsýnisferð á sunnudeginum eftir mótið og er það nýbreytni. Vonandi komum við til með að sjá jafngott eða betra NM í haust heldur en 1985.

Mót í karate október 1987 - janúar 1989.

7/8-11-87	Landskeppni; Ísland - N-Írland - Skotland.
21-11-87	NM'87 Drammen, Noregi.
13-12-87	Shotokan-meistaramótið '87.
23-1-88	Goju-kai-meistaramótið '88.
6-2-88	Unglingameistaramót Íslands.
5/6-3-88	Opna Hollenska meistaramótið.
6/8-5-88	EM'88 Genova, ítalíu.
10-10-88	Landskeppni; Ísland - Vestur-býskaland.
29-10-88	Landskeppni; N-Írland - Ísland - Skotland.
12-11-88	NM'88 Stokholmi, Svíþjóð.
26-11-88	Íslandsmeistaramótið '88.
18-12-88	Shotokan-meistaramótið '88

Landskeppni Íslands, N-Írlands og Skotlands 1987 í Reykjavík.

Laugardaginn 7. nóv. hófst í Laugardalshöllinni landskeppni milli íslendinga, N-íra og Skota. Þetta var önnur landskeppnin sem efnt var til milli þessarra þjóða og tókst hún í alla staði vel.

